

Reykjavík 5.júní 2024.

Umsögn um frumvarp - Framhald stuðningsaðgerða vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Umsagnaraðili: Bryggjan ehf. Grindavík

Upplýsingar um stöðu umsagnaraðila:

Bryggjan Gastro ehf. er restrarfélag um veitingarekstur að Miðgarði 2 í Grindavík.

Eyri ehf. er félag í eigu sömu aðila og heldur utan um fasteign félagsins að Miðgarði 2 sem hýsir veitingarekstur Bryggjunnar ehf.

Rekstur Bryggjunnar hefur legið niðri frá því að gostið hófst í nóvember 2023.

Frá nóvember 2023 hefur Bryggjan haldið ráðningarsambandi við starfsmenn með launastyrkjakerfinu sem nú stendur til að framlengja. Lokanir bæjarins hafa valdið því að allir viðskiptaaðilar félagsins hafa fært sín viðskipti til annarra aðila og annarra landshluta. Þó svo að Grindavík væri opnuð að fullu á næstu mánuðum þá er skaðinn orðinn slíkur að Bryggjan sér ekki fram á að rekstur félagsins geti hafist að nýju á næstunni. Eina úrræðið er því að segja upp öllum starfsmönnum félagsins.

Eigendur Bryggjunnar sjá því fram á að afskrifa veitingareksturinn sem hefur verið í uppbyggingu síðan 2009. Þorri eginfjár eigenda félagsins er hins vegar bundinn í fasteign félagsins sem er innan Eyrar ehf. Fasteignin verður að teljast illseljanleg undir þessum kringumstæðum, og eigendur eru upp á frystingar frá lánastofnun (Landsbanka) komnir.

Umsögn:

Fyrirhugaðar aðgerðir í formi framlengds launastyrks munu gagnast Bryggjunni að því leyti að hægt er að ljúka uppsagnarfrestum starfsmanna.

Ef framlenging tekjufallsstyrks verður háð því að styrkþegi sé með starfsmenn á launum, mun það úrræði ekki verða til staðar fyrir Bryggjuna þar sem að starfssemin hefur verið lögð niður með öllu.

Verði óvissutímabilið langvarandi munu eigendur Bryggjunnar og Eyrar vera alfarið upp á lánastofnun (Landsbanka) komnir með áframhaldandi frystingu lána. Til viðbótar étur vaxtakostnaður hinna frystu lána upp eigið féð í fasteigninni.

Það er því ljóst að hinar kynntu aðgerðir munu hjálpa til við næstu 3 mánuði en munu ekki leysa vanda okkar til lengri tíma. Hjalagt er einnig afrit af bréfi til stjórnvalda frá 7.maí 2024, þar em við óskum eftir uppkaupum á fasteign okkar.

Með uppkaupum á fasteign okkar getum við losað eigið fé okkar sem er meira en helmingur markaðsvirðið eignarinnar og hafið rekstur annars staðar. Án uppkaupa sitjum við fastir með eign sem við getum ekki notað.

Við teljum því uppkaup á fasteigninni vera það úrræði sem best muni gagnast fyrirtæki í okkar stöðu.

Fyrir hönd stjórnar Bryggjan Gastro ehf. (Eyri ehf.).

Gestur Ólafur Auðunsson

Hilmar S. Sigurðsson

Axel Omarsson